

um forgangsrétt sjómanna til fastlaunaðra starfa í landi.

Flm.: Gunnlaugur Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga, hvort og þá með hvaða hætti unnt væri að tryggja sjómönnum, sem verið hafa hásetar á togurum eða kaupskipum í millilandasiglingum samfleytt ákveðið árabíl og náð hafa vissum aldri, forgangsrétt til tiltekinna fastlaunaðra starfa í landi; enn fremur að athuga á sama hátt, hvort eigi sé rétt að tryggja, að sjómenn, sem verið hafa hásetar á togurum í 15 ár samfleytt, gangi að jafnaði fyrir um hásetarúm á kaupskipum í millilandasiglingum. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á því, að háseti, sem verið hefur á togurum eða stundað siglingar á íslenzku kaupskipi samfleytt í ákveðið árabíl og ræðst til starfs hjá ríki eða bæ, fái reiknaða $\frac{3}{5}$ hluta af sjómennskutímanum sem þjónustutíma, þegar ákveða skal laun og önnur réttindi hans sem starfsmanns í landi.

Greinargerð.

Það er óumdeilt, að íslenzku sjómennirnir, sem fjarri eru heimilum sínum vikum og jafnvel mánuðum saman við öflun verðmæta í þjóðarbúið, séu útverðir og framherjar þjóðarinnar. Íslenzka þjóðin hefur um langan aldur átt því láni að fagna að eiga dugmikla sjómannastétt, sem vissulega hefur átt drjúgan þátt í því, að okkur Íslendingum hefur auðnast að halda hér uppi menningarþjóðfélagi, er megnugt sé að standa á eigin fótum. Sjómennirnir hafa sýnt það með starfi sínu og afköstum, að þeir hafa fyllilega staðið erlendum stéttarbræðrum sínum á sporði, að eigi sé fastar að orði kveðið. Nú óttast ýmsir, að svo kunni að fara, að við getum ekki lengur stært okkur af því að eiga dugmestu sjómenn heims, en vegna fámennis þjóðarinnar þurfa þeir að vera sérlega afkastamiklir, svo sem þeir hafa jafnan verið.

Það er staðreynd, að nú mun æ fátíðara, að ungir menn ráðist til sjómennsku, en þjóðin á vissulega tilveru sína undir því, að íslenzkir sjómenn færi henni björg í bú. Það er án efa margt, sem veldur þessari öfugþróun, og verða þær orsakir ekki raktar til hlítar hér, heldur einungis drepið á eina þá veigamestu að dómi flutningsmanns tillögu þessarar.

Það er alkunna, að sjómaður, sem verið hefur háseti á fiskiskipum í 20—30 ár og hefur náð 45—50 ára aldri, á naumast eftir starfsþrek til að gegna áfram sömu störfum til loka starfsævi sinnar. Reynslan sýnir, að á framangreindum aldri láta fjölmargir hásetar af sjómennsku. En þegar þessir menn, sem eytt hafa beztu árum ævi sinnar við lýjandi störf í þágu þjóðarinnar, koma í land og vilja leita sér að fastri atvinnu, bíða þeirra fæstra önnur störf en daglaunavinna í samkeppni við unga og ólúna verkamenn. Málum er nú svo komið í okkar þjóðfélagi, að 45 ára gömlum mönnum gengur illa að fá fastlaunuð störf nema þá helzt fyrir kunningskap. Hins vegar er um að ræða fjölmörg störf í landi, sem þeir gætu innt af hendi engu síður en yngri menn, svo sem hvers konar almenn gæzlustörf, störf hjá póstmálastjórn, tollgæzla o. fl.

Með öðrum þjóðum tíðkast mjög að veita þeim mönnum, sem gegnt hafa mikilvægum störfum fjarri ættlandi sínu, forgangsrétt að ýmsum opinberum störfum að loknum tilteknum þjónustutíma.

Flutningsmaður telur víst, að sjómenn, sem eru hásetar á togurum og kaupskipum, telji meira virði að eiga í vændum fasta atvinnu í landi að sjómennsku lokinni heldur en að þeim séu tryggð eftirlaun úr lífeyrissjóði á efri árum og því sé rétt að freista þess að koma á þeirri skipan, sem hér er lagt til.

Að endingu skal vikið að þeirri hugmynd að veita togarasjómönnum forgangsrétt að hásetastörfum á kaupskipum í millilandasiglingum. Það er alkunna, að þau störf eru miklu þægilegri og fjölbreyttari að ýmsu leyti en sjómennska á togurum, auk þess fylgja þeim föst gjaldeyrisfriðindi, og eru þau því mjög eftirsótt, en sanngarnt, að þeir, sem verið hafa hásetar á togurum, hafi forgangsrétt að slíkum störfum.